

Umsögn um Samgönguáætlun-mál 172 og 173

Skilaboð:

Ég andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meiri hluta Umhverfis- og samgöngunefndar.

Mér finnst nóg komið af sköttum og álögum á bifreiðaeigendum; innflutningsgjöld, þungaskattur, eldsneytisskattar, skoðnagjöld og fleira, sem engin ástæða er upp að telja, því að þessar álögur þekkja allir, sem um íslenska vegi aka svo hraklegir sem margir þeirra eru og í leiðinni miklar slysaáhrif. Með þessum gjöldum og sköttum öllum er gert ráð fyrir því, að um 80 milljarðar berist inn í þá hít, sem ríkissjóður er, en hann virðist sífellt geta tekið við. Af þessum 80 milljörðum er okkur tjáð, að um 30 milljarðar fari til vegamála. Af því má ráða, að um 50 milljarðar, sem koma af gjöldum og sköttum af umferðinni, fari í annað en vega- og samgöngumál. En þó er það svo, að í mjög mörgum tilfellum var til gjaldanna og skattanna stofnað með því fororði, að féð, sem inn kæmi ætti að renna til uppbyggingar og viðhalds samgöngukerfisins. Ég lít svo á, að hér sé um svik að ræða, þar sem eitt er sagt, en annað gert. Slíkt er líðandi og þá ekki heldur hitt, að nú skuli enn vegið í sama knérunn og seilst enn dýpra í vasa þeirra, sem eiga bifreiðar í þessu landi.

Það er líka mikill óheiðarleiki í því fólgin og i raun undirferli, að þessi hugmynd skuli helguð með þeim rökum, að rafknúnum bílum fjölgi og muni fjölga enn hér á landi og að þeir aki vegina og slíti þeim eins og gera bílar, sem knúnir eru vélum sem ganga fyrir bensíni og díselolíu. Því þurfi að ná gjöldum af eingendum þessara rafknúnu bíla, sem ekki greiða t.d. eldsneytisgjöldin. En er þá ekki augljóst, að verið er að láta eigendur bensín- og díselknúinna bíla borga óeðlilega mikið, þar sem þeir virðast ekkil eiga að vera undanþengir veggjöldum, sem þeir hafa þó þegar greitt ríflega í eldsneytisgjöldum sínum. Hér má því ætla, að um tvísköttun sé að ræða, en um hana hefur ekki verið rætt né á hana minnst einu einasta orði. Er verið að lauma þessu inn sem einhvers konar þvingunaraðgerð i nafni umhverfismála, sem á þá að verða til þess, að menn beygi sig fyrir hinum einhliða áróðri, sem rekinn er fyrir notkun rafknúinna farartækja og sætti sig við þær takmarkanir, sem að minnsta kosti til þessa hafa verið á notagildi þeirra?

Ég gæti fleira til tínt, en læt þetta nægja og tek heilshugar undir þann fyrirskrifaða texta, sem hér er fremst. Að lokium legg ég mjög eindregið til, að farið verði ítarlega ofan í saumana á raunráðstöfun þeirra fjármuna, sem

inn hafa verið heimtir í nafni vega- og samgöngumála undanfarna áratugi og að tekin verði upp sú stefna, að ráðamenn standi við orð sín um notkun fjár, en líti ekki á skilgreinda tekjustofmna sem almenna uppsprettu eyðslufjár í gjöróskild málefni.

Með vinsemd og virðingu.

Haukur Ágústsson - 031137 2419

Galtalæk, 600 Akureyri.